

- 84 24. Jóhann Páll Björnsson, laxveiðimaður, Reykjavík, fæddur 29. marz 1878 á Íslandi.
5. júní
25. Jóhann Stefán Thorarensen, fyrrv. bóndi, Akureyri, fæddur 7. ágúst 1872 á Akureyri.
26. Jörgensen, Alfred Christian, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 25. apríl 1901.
27. Jörgensen, Bent Bjarno, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 25. ágúst 1927 í Danmörku.
28. Katrín Ólafsdóttir Mixa, frú, Reykjavík, fædd 3. marz 1916 á Íslandi.
29. Kári Haukur Sigurjónsson, aðstoðarmaður í Reykjavík, fæddur 14. júní 1911 í Kanada.
30. Klahn, Albert Gerhard Ferdinand, hljómsveitarstjóri í Reykjavík, fæddur 10. ágúst 1885 í Þýzkalandi.
31. Lárus Sigurjónsson, skáld í Reykjavík, fæddur 14. ágúst 1874 á Íslandi.
32. Lilja Guðjónsdóttir, þerna í Hafnarfirði, fædd 16. sept. 1904 á Íslandi.
33. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi.
34. Nielsen, Orla Egon, rakari í Reykjavík, fæddur 16. apríl 1912 í Danmörku.
35. Olsen, Ole, verkamaður í Njarðvíkum, fæddur 8. nóv. 1899 í Færeyjum.
36. Pedersen, Herbert Helmuth Marinus, matsveinn í Reykjavík, fæddur 21. apríl 1913 í Danmörku.
37. Petersen, Aage Laurits, fulltrúi í Reykjavík, fæddur 14. des. 1879 í Danmörku.
38. Petersen, Ludvig Christian Idon Marius Bonnesen Stabell, matsveinn í Reykjavík, fæddur 7. sept. 1903 í Danmörku.
39. Sonnenfeldt, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.
40. Syre, Gabriel, verkamaður á Ísafirði, fæddur 16. júlí 1914 á Íslandi.
41. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.
42. Waag, Árni, nemandi í Reykjavík, fæddur 12. júní 1925 í Færeyjum.
43. Þórarinn Jónsson, bankamaður í Reykjavík, fæddur 19. ágúst 1909 á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

85

L Ö G

5. júní um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

HANDIAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

6. gr. laganna orðist svo:

1. gr.

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið sem hér segir:

1. 40% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið eftir því, sem fyrir verður mælt í lögum um þjóðleikhús. 85
5. júní
2. 50% skattsins renni í félagsheimilásjóð, og skal honum varið eftir því, sem fyrir verður mælt í lögum um félagsheimili.
3. 10% renni til lestrarfélaga og kaupa á kennslukvikmyndum, og skal $\frac{1}{3}$ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en $\frac{2}{3}$ til kennslukvikmyndasafna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 56 1927 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um skemmtanaskatt, rekstrarsjóð þjóðleikhúss, félagsheimilásjóð o. fl.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um þjóðleikhús.

86

5. júní

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Þjóðleikhúsið skal rekið í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

Í þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem tengdar eru leiksviði. Starfsemi þessa skal leikhúsið rækja svo, að hún verði sem öflugust stoð íslenzkri menningu. Höfuðhlutverk leikhússins skal vera að:

1. flytja íslenzka og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa eftir því sem við verður komið;
2. vera til fyrirmyndar um meðferð íslenzkrar tungu;
3. halda skóla til eflingar íslenzkri leikmennt.

Þjóðleikhúsið skal flytja leikrit í ríkisútvarpið, sbr. 10. gr., sjónleiki utan Reykjavíkur eftir því, sem við verður komið, og vinna að eflingu leiklistar hvarvetna á landinu.

3. gr.

Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra og skrifstofustjóra.

Enn fremur skipar menntamálaráðherra fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra samkvæmt tillögum fjögurra fjölmennustu stjórnmalaflokkanna á Alþingi, en einn samkvæmt tillögu félags íslenzkra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins. Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins.